

um breytingu á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960, ákvæði til bráða-
birgða.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923
til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut
eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi gjaldskrárákvæði í reglugerð fyrir vatnsveitu Dalvíkur
nr. 16 23. janúar 1963 og reglugerð um breyting á þeirri reglugerð nr. 265 16. okt.
1969.

Félagsmálaráðuneytið, 22. nóvember 1972.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald lyfjabúða fyrir árið 1972.

1. gr.

Gjald það, sem lyfsölum ber að greiða fyrir árið 1972, vegna lyfjaeftirlits sam-
kvæmt 47. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 skal vera sem hér segir:

I. flokkur	kr. 15 000.00
II. flokkur	— 12 000.00
III. flokkur	— 9 000.00
IV. flokkur	— 6 000.00
V. flokkur	— 3 000.00

2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslueftirlitsgjaldsins sem hér segir:

- I. flokkur: Lyfjabúðin Iðunn,
Reykjavíkur apótek.
- II. flokkur: Apótek Keflavíkur,
Ingólfs apótek,
Laugavegs apótek.
- III. flokkur: Akureyrar apótek,
Apótek Austurbæjar,
Hafnarfjarðar apótek,
Holts apótek,
Stjörnu apótek,
Vesturbæjar apótek.
- IV. flokkur: Akranes apótek,
Apótek Vestmannaeyja,
Borgar apótek,

Garðs apótek,
Háaleitis apótek,
Ísafjarðar apótek,
Kópavogs apótek,
Laugarnes apótek,
Selfoss apótek.

V. flokkur: Apótek Austurlands, Seyðisfirði,
Apótek Neskaupstaðar,
Árbæjar apótek,
Borgarnes apótek,
Dalvíkur apótek,
Húsavíkur apótek,
Lyfjabúð Breiðholts,
Patreks apótek,
Sauðárkróks apótek,
Siglufjarðar apótek,
Stykkishólms apótek.

3. gr.

Eftirlitsgjaldið skal greiða til ríkisféhirðis fyrir 15. janúar 1973.
Gjaldið er lögtakskræft

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 47. gr. lyfsölugaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast gildi þegar í stað.

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 23. nóvember 1972.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

28. nóvember 1972.

Nr. 309.

AUGLÝSING

um viðauka og breytingar nr. 2 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972.

Frá og með 15. desember 1972 tekur gildi viðauki og breytingar nr. 2 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. nóvember 1972.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.